

**231. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,
fimmtudaginn, 4. apríl 2019.**

Mættir:

Stjórnarmenn: Dagbjört Pálsdóttir formaður, Ásgeir Örn Blöndal, Katrín Sigurjónsdóttir, Valtýr Hreiðarsson og Þróstur Friðfinnsson.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð).

Formaður setti fundinn kl. 15.45 og bauð fundarmenn velkomna.

Aðeins eitt mál var á dagskrá fundarins, umræður um sameiningu atvinnuþróunarfélaganna og Eyþings.

Gestur á fundinum var Þóroddur Bjarnason formaður stýrihóps sem fenginn var til að ráðleggja og undirbúa ákvarðanir varðandi sameiningarnar.

Tilgangur fundarins var að upplýsa stjórn Afe um framgang og stöðu málsins.

Þóroddur fór yfir og greindi frá vinnu stýrihópsins undanfarnar vikur.

Tillögur í núverandi mynd urðu til eftir formannafund Eyþings, AP, AFE, Eyþings og stýrihópsins þann 22. mars s.l. Þær fengu svo frekari vinnslu á fundi með framkvæmdastjórum og síðan fulltrúaráði Eyþings.

Farið var yfir upphaflegu ályktunina frá aðalfundi Afe, samþykkt stjórnar Eyþings frá 23. Október 2018 og tillögur stýrihópsins og hugsanlegt misræmi eða stefnubreytingu þar á milli.

Að lokum var rætt um næstu skref og hvað það gæti þytt í öflugri starfsemi þessara briggja félaga og hvaða möguleikar opnast með fyrirliggjandi tillögum.

Stjórnarmaður Katrín Sigurjónsdóttir vék af fundi kl. 16:32

Stjórnarmaður Ásgeir Örn Blöndal gerði eftirfarandi bókun:

Sú tillaga sem lögð verður fyrir aukaaðalfund Eyþings þann 9. apríl nk. var ekki rædd í stjórn AFE og mér, sem stjórnarmanni AFE, því ekki kunn, áður en hún var send út sem tillaga stýrihóps sem ætlað var það hlutverk að leiða viðræður um sameiningu. Það var ekki fyrr en eftir að tillagan var send út sem ég heyrði af henni og sá þær hugmyndir sem fram höfðu komið á fundi stýrihópsins með öðrum aðilum í sameiningarviðræðum.

Þær hugmyndir sem fram koma í tillögunni ganga, að mínu mati, þvert gegn þeirri ályktun síðasta aðalfundar AFE, sem núverandi stjórn AFE hefur unnið í samræmi við í þeim viðræðum sem hér um ræðir. Þar var gengið út frá því að skilvirkni og hagræðing væru lykilatriði í sameiningarviðræðunum en sí tillaga sem nú liggur fyrir virðist ekki taka mið af því. Tillagan mun að mínu mati, verði hún samþykkt á auka aðalfundi Eyþings, þann 9. apríl 2019, binda framhald viðræðnanna innan þess ramma sem þar kemur fram, án þess að fram hafi farið nokkur umræða um þann ramma innan stjórnar AFE.

Hvernig sem á það er litið er það að mínu mati afar óheppilegt að stýrihópurinn, og/eða aðrir þeir aðilar sem komu að móton tillögunnar, hafi ekki kynnt stjórn AFE þær hugmyndir sem fram komu í viðræðum stýrihópsins við fulltrúa AP og Eyþings, áður en tillagan var send út.

Það skal tekið fram að ég hef fulla trú á því að sameining, undir merkjum hagræðingar í rekstri og aukinnar skilvirkni, verði öllum aðilum, sem og þeim sveitarfélögum sem þeir starfa í umboði fyrir, til heilla en efast um leið um að sú nálgun sem lagt hefur verið upp með í formi tittnefndrar tillögu sé til þess fallin að stuðla að því framangreind markmið nái fram að ganga.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 17:40

Dagrún Þórisdóttir
Fórmálsjónsdóttir
Sif
Ariður
Roo Þurðólfsson
Sigurður Ema Óskars